

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Stjörnuegg Vallá, Kjalarnesi



|                     |                        |                         |                        |
|---------------------|------------------------|-------------------------|------------------------|
| Dags eftirlits      | 12.8.2021              | Ábyrgðarmaður eftirlits | Gottskálk Friðgeirsson |
| Fyrirtæki           | Stjörnuegg             | Eftirlitsmaður          | Gottskálk Friðgeirsson |
| Heimili             | Vallá                  | Tegund eftirlits        | Reglubundið            |
| Kennitala           | 630191-1579            | Flokkur                 | Pauleldi               |
| Fulltrúi fyrirtækis | H. Kristín Geirsdóttir | ÍSAT nr.                | 01.47.2                |
| Fulltrúi fyrirtækis |                        | Staðsetning             |                        |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin ný frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust í eftirliti. Eitt eldra frávik er opið.

Tvær ábendingar eru gerðar. Rekstraraðila er bent á að fara yfir aðstöðu til geymslu á hæsnaskít yfir vetrarmánuðina og tryggja að ekki sé dreift á vatnsverndarsvæði og önnur viðkvæm svæði.

Fljótlega þarf að sækja um nýtt starfsleyfi ef fyrirhugað er að halda starfsemi búsinns áfram eftir árið 2023.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í eftirlit í Stjörnuegg hf. Rekstraraðili er með starfsleyfi sem gefið var út af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur 15. nóvember 2011 og gildir til 2023. Deiliskipulag fyrir Vallá heimilar 50 000 varphænur.

Unnið er að stækkun búsinns í allt að 95 000 fugla og eins eru breytingar yfirstandandi þar sem búr verða aflögð og allar varphænur verða í lausagöngu. Tvö ný hús taka við stækkuninni og unnið er að byggingu seinna húsinns.

Unnin hefur verið tillaga að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum og Skipulagsstofnun hefur verið með hana í umsagnarferli. Breyta þarf deiliskipulagi fyrir Vallá og sækja um nýtt starfsleyfi til Umhverfisstofnunar áður en hægt er að fjölga varphænunum. Breyta þarf eldri húsum og keyptur hefur verið varpbúnaður frá Hellmann Poultry til notkunar við lausagöngu hænsna. Sjá má útfærslu í tillögu að matsáætlun sem Efla verkfræðistofa vann fyrir rekstraraðila.

Meðfylgjandi er dagskrá eftirlitsins.

Fundur:

1. Olíumannvirki – skráningar olíugeyma til samræmis við kröfur í reglugerð nr. 884/2017
2. Skoðuð staða frávíka og ábendinga úr eftirlitum síðustu ára
3. Farið yfir kröfur í starfsleyfi búsinns
4. Kynntar verklausreglur vegna áhættuvefja – sjálfdaurir fuglar
5. BAT niðurstöður – besta aðgengilega tækni í eggjabúi
6. Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna og húsdýraáburðar
7. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu
8. Önnur mál

Skoðun á ytra umhverfi búsinns

Fulltrúi rekstraraðila var H. Kristín Geirsdóttir en frá Umhverfisstofnun Gottskálk Friðgeirsson.

1. Upplýsingar um olíugeyma voru yfirfarnar. Einn 6000 lítra olíugeymir frá N1 er á búinu sem bæði er beintengdur við varaafsstöð búsinns og eins er dæla á geyminum og afgreitt á vélar og tæki.

2. Í eftirliti ársins 2018 var skráð frávik sem er enn opið. Það snýr að stærð búsinns og stækkun búsinns og verður frávikðið opið þar til deiliskipulag hefur verið endurnýjað og nýtt og stærra starfsleyfi gefið út. Mat á umhverfisáhrifum er í ferli.

Fráviki frá 2018 sem snýr að hauggeymslum við búði hefur verið lokað en samþykkt hefur verið tímabundin ráðstöfun hæsnaskíts til bænda á Geldingaá í Hvalfjarðarsveit og flutningsgámar notaðir í því skyni. Þetta er tímabundin ráðstöfun sem leyfð er þar til starfsleyfi búsinns verður endurnýjað. Aðstæður og umbúnaður um geymslu á hæsnaskít yfir vetrarmánuðina að Geldingaá hefur ekki verið tekinn út. Rekstraraðili Stjörnueggja er ábyrgur fyrir skítinum þar til hann hefur verið notaður sem áburður eða honum eytt. Gerðar hafa verið athugasemdir við svæði það sem rekstraraðili hefur tilgreint sem dreifingasvæði enda hluti af því vatnsverndarsvæði. Heilbrigðisnefnd Vesturlands hefur ekki gefið leyfi fyrir dreifingu hæsnaskíts á vatnsverndarsvæðinu.

Fráviki ársins 2019 um sein skil á grænu bókhaldi hefur verið lokað og ekkert nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst á síðasta ári.

3. Í starfsleyfisskýrðum er gerð krafa um skráningar á helstu umhverfispáttum búsinns, viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnarábúnaði, tæmingu rotþróa, losun seyru og dreifingu hæsnaskíts. Skrá skal magn og förgun spilliefna, úrgangs og hæsnaskíts. Eins skal skrá atvik, óhöpp og kvartanir sem berast vegna rekstursins. Kvittunum er safnað og notaðar vegna skráninga á innkaupum, m.a. hættulegum efnum. Eins vegna förgunar verktaka á úrgangi frá búinu.

4. Með reglugerð nr. 674/2017 sem innleiðir EB reglugerð nr 1069/2017 um aukaafurðir og afleidda afurðir rekstraraðila sem ekki er ætluð til manneldis eru komnar skýrari reglur um meðferð sýktra og sjálfdaura dýra. Það er mat Matvælastofnunar að sjálfdaur dýr falli í áhættuflokka 2 (CAT2) og þurfi að farga sérstaklega. Eftirlitsaðili gerir þá

kröfu að geymsla fyrir sjálfdauð dýr (gámar) séu lekaheld og rétt merkt svo starfsmenn og þjónustuaðilar séu upplýstir um innihaldið. Dýrahæjum á Vallá er safnað í sérstakan hrægám sem stendur við svínabúið (að Gili) og þjónar hann bæði svína- og alifuglabúi.

5. Áætlun rekstraraðila og staða gagnvart nýjum kröfum sem koma til við innleiðingar á bestu aðgengilegu tækni (BAT niðurstöður) liggur fyrir gagnvart flestum kröfunum.

a. Gagnvart BAT1 (umhverfisstjórnunarkerfi) þá er Stjórnuegg ekki með umhverfisstjórnunarkerfi en færir grænt bókhald og útstreymisbókhald. Tryggir eftirfylgni með reglubundinni rýni stjórnanda, innri úttektum og eftirliti opinberra stofnana.

b. Gagnvart BAT2 þá mun virk þjálfun og skráningar tryggja eftirfylgni á verklagsreglum, góða búskaparhætti og viðhald. Neyðaráætlun er til staðar vegna fuglaflensu. Gagnvart viðhaldi á mannvirkjum og búnaði þá er daglegt eftirlit og skráningar skv. verklagsreglum. Sjálfdauð dýr eru geymd í þéttum hrægámum sem eru losaðir reglulega.

c. Gagnvart BAT3-4 þá eru notaðar viðurkenndar fóðrunaraðferðir sem lágmarka köfnunarefni í hæsnaskít. Sama á við um lágmarkun á losun fosfórs í hæsnaskíts.

d. Gagnvart BAT5 þá notar búið vatn úr eigin borholu og vatnsnotkun er skráð. Heitt vatn fer um mæli og er notkun skráð. Vatnsnotkun er stýrt og lágmarkuð með nýlegum búnaði.

e. Gagnvart BAT6-7 þá eru ofanvatn aðskilið frá frárennsliskerfi búans sem fer í rotþró og síubeð.

f. Gagnvart BAT8 þá eru tölvustýrð loftræsting og hitakerfi. Hús eru einöngruð og tölvustýrð lýsing. Unnið að skipta flúorljósum út fyrir LED.

g. Gagnvart BAT11 þá er notað kögglað fóður til þess að draga úr rykmengun. Hefilsþæmir eru notað á gólf og rykskiljur eru á fóðursílóum. Loftræstikerfi er tölvustýrt með hægu loftstreymi.

h. Gagnvart BAT12-13 þá er búið á skipulögðu landbúnaðarsvæði og fullnægjandi fjarlægð er í viðkvæma viðtaka. Húsdýraáburður er fjarlægður reglulega. Enginn fljótandi áburður myndast í ferlinu.

i. Gagnvart BAT20 þá er öllum húsdýraáburði keyrt til uppgræðsluáðila.

j. Gagnvart BAT23, BAT25 og BAT27 þá er losun ammoníaks færð í útstreymisbókhald búans.

k. Gagnvart BAT29 þá eru upplýsingar teknar saman í grænu bókhaldi búans.

l. Gagnvart BAT31 er skítur fjarlægður með færriböndum.

m. Gagnvart BAT32 þá er tölvustýrð loftræsting sem tekur mið af hitastigi og fjölda dýra í húsi.

6. Hús eru þrífir á milli hópa og helst eru notaðar sápur og sóttthreinsandi efni. Haldið er utan um innkaup og förgun í gegnum kvittanir.

Á búinu er nánast ekkert notað að lyfjum. Aðkeypt fóður er þó blandað hníslasóttarlyfi.

Ekkert haughús er á Vallá, en hæsnaskítur er fluttur úr húsum á færriböndum beint í lausa hálfháma og allar hæsnaskítur fluttar að Geldingaá í Hvalfjarðarsveit. Í bréfi lögmans rekstraraðila telja rekstraraðilar að geymsla hæsnaskíts á Geldingaá og dreifing hans sé óháð starfsemi Stjórnueggja eftir að afhending hans hefur farið fram. Í bréfi Umhverfisstofnunar frá 10. desember 2020 er ekki fallist á þau rök rekstraraðila að hann sé ekki í aðstöðu til meta hvort ákvæðum starfsleyfis um geymslu og dreifingu hæsnaskítsins sé fullnægt.

Óheimilt er að dreifa hæsnaskít á frosna jörð og ekki má menga vatnsból með dreifingu skítsins. Kröfur í BAT14, BAT15 og BAT20 taka sérstaklega á geymslu og dreifingu húsdýraáburðar í föstu formi.

Aðstaða rekstraraðila við geymslu og dreifingu húsdýraáburðar að Geldingarará hefur ekki verið skoðuð.

7. Nýleg reglugerð nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita.

Í áhættumati síðasta árs fékk Stjórnuegg á Vallá einkunnina B og þýðir það árlegt eftirlit Umhverfisstofnunar. Í eftirlitinu var farið yfir áhættumatið með rekstraraðila en nýtt áhættumat verður gert á haustmánuðum áður en fyrir liggur áætlun Umhverfisstofnunar um eftirlit næsta árs.

8. Engin óhöpp eða mengunarslys hafa orðið á árinu og engar kvartanir borist vegna starfseminnar.

Unnið er við byggingu seinna fuglahússins af tveimur sem þörf er á vegna breytinga í lausagöngu og hugsanlegrar stækkun í 95000 fugla. Farið var í skoðunarferð, gengið um byggingarsvæðið og vinnusvæði þar sem unnið var að hreinsun á húsum. Ekki var tilefni til athugasemda.

## ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á að fara yfir aðstöðu til geymslu á hæsnaskít yfir vetrarmánuðina og tryggja að ekki sé dreift á vatnsverndarsvæði og önnur viðkvæm svæði.

2. Rekstraraðila er bent á að fljótlega þarf að sækja um nýtt starfsleyfi ef fyrirhugað er að halda starfsemi búans áfram eftir árið 2023.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 13.09.2021



Gottskálk Friðgeirsson